

## Bókaútgáfa Þorst. M. Jónssonar Akureyri.

Tiltölulega fáar þjóðir, að Dönum undanskildum, munu hafa safnað svo öllu í höfuðstað sinn sem vér Íslendingar. Ástæðurnar eru þó mjög skiljanlegar. Ræður þar mestu um fámenni þjóðarinnar, sem gerir það erfitt öðrum bæjum landsins að fá verulega bæjameningu, til þess nú ekki að nefna stórborgameningu, þrátt fyrir hinn öra (allt of öra að mörgum finnst) vöxt þeirra. En eins og lífi og menningu nútímans er háttað, er það mjög erfitt að láta fyrirtæki — meira að segja fyrirtæki, sem beinlínis eru stofnuð og rekin með andlega menningu þjóðarinnar fyrir augum — þrífast í öðru loftslagi en borganna og undir öðrum skilyrðum en þeim sem borgirnar einmitt veita.

Það er þess vegna því merkilegra, þegar um það er hugsað, að merkasta bókaforlag landsins, sem nú er og hefir verið um nokkur undanfarið ár, skuli vera rekið utan Reykjavíkur. Í raun og veru kemur það líka svo flutt upp á menn, bæði útlenda og innlenda, að það er engu líkara en það gleymist að geta þess — að minnsta kosti gleymist að geta þess eins og vert væri.

Öllum sem til þekkja kemur víst saman um að bókaútgáfa Þorsteins M. Jónssonar á Akureyri sé sú einasta bókaútgáfa sem nú á sér stað hér á landi, og mest nálgast erlend fyrirtæki af sama tagi þó hún auðvitað og af eðlilegum ástæðum sé í minni stíl. Fyrir þá, sem einkum líta á bókmenntir, sem mælikvarða fyrir andlega menningu þjóðarinnar (og það er að sumu leyti réttmætt) hlýtur því Akureyri að standa feti framur en Reykjavík — reyndar gerir hún það líka á öðru mjög mikilsverðu sviði, eða í samvinnufélagskapnum, með K. E. A., sem ekki á sinn líka í Reykjavík. En hvorugt þessara fyrirtækja liggur þó í neinum sérstökum yfirbúðum bæjarins í sjálfu sér, býzt og við.

Þegar um bókaútgáfuna er að ræða, þá virðast skilyrðin fyrir slíku fyrirtæki betri hér en norður á Akureyri, en staðreyndin er að fyrirtækið sjálft er þar, en ekki hér, og það verður ekki skýrt á annan hátt en þann, að Þorsteinn M. Jónsson er þar.

Það segir sig sjálft, að þar sem hagar til eins og hér verður það — að minnsta kosti fyrst um sinn — enginn sérlegur gróðavegur að gefa út bækur; til þess að ráðast í slíkt fyrirtæki þarf meira en duglegan og hagsýnan mann í verzlun og viðskiptum; það þarf líka hugsjónamann, sem metur andlega menningu og andlegan þroska þjóðarinnar meira en eigin stundlegan hagnað, og það er ekki nóg að maðurinn sé hugsjónamaður, ef hagsýni, dugnaður og dirfska til að stofna fjármunum sínum í hættu fylgjast ekki að. Vegna þess að Þorsteinn er öllum þessum hæfileikum gæddur, líklega í talsvert ríkari mæli en flestir aðrir, er það að bókaútgáfa hans hefir orðið til, að hún þrátt fyrir alla erfiðleika hefir þrífast að þessu og á vonandi fyrir höndum að þrífast og efast enn um langa hríð.

Það takmark, sem hin vönduðu og meiriháttar forlög allsstaðar keppa að, er að fá það orð á sig, að menn geti nokkurnveginn gengið að því visu, að bækur, er þaðan koma séu góðar, að nafn forlagsins sé sem einskönar trygging fyrir verðmæti bókarinna. Í löndum, sem lengra eru komin á þessu sviði en vér, er þetta hægra en hér, sökum þess að úr meiru er jafnan að velja — en þó einkum stærri verkum — hjá oss er það mesta sem berst útgefandanum ljóðasmámunir — í orðsins fyllsta skilningi — og smásögur. Oftast er enginn vandi að hafna — en vandin er að að finna það rétta. Sannleikurinn er sá, að geta íslensks bókaútgafanda er svo takmörkuð sökum hinna litlu sölumöguleika í jafn fámennu landi, að jafnvel hinn djarf-

asti og mest stórhuga útgefandi verður að gæta allrar varúðar. — Hér frekar en annarstaðar verða hinar virkilegu bókmenntir að þola harðvítuga samkeppni við hálf-list, við adventistarit, andatrúarritlinga o. þ. h., og verður því miður oft undir í þeirri samkeppni. Það væri því gróðavænlegra fyrir fyrir útgefandann, að kasta einhverju „ósjálfrátt rituðu“ kveri út á markaðinn, en t. d. ljóðum Davíðs Stefánssonar. En um leið og hann gerir það, hefir hann sagt að forlagsnafn hans sé ekki lengur nein trygging. En nú er svo komið með bókaútgáfu Þorsteins, að kaupendur geta alveg óhræddir keypt bækur hans, og enginn íslenskur rit höfundur mundi líta svo stórt á sig að hann þættist ekki fullsæmdur af, að bækur hans kæmu út hjá honum. En þetta hvorutveggja er sönnun þess, að bókaútgáfa hans hefir hugsjónaeinkenni allra þeirra bókaforlaga, sem sem setja hókmentirnar, sem fyrsta takmark og ágóðann af fyrirtækinu sem nr. tvö.

En betur sézt þetta þó ef lítillaga er athugað bókaval Þorsteins. Kemur þá berlega í ljós að hér er maður, sem frekar er að starfa fyrir þjóðina en sjálfan sig. — Nægir í þessu sambandi að benda á einstöku verk, eins og t. d. **Ferðamíningar** eftir Sveinbjörn Egilsson, eða þau er komið hafa í safni hans „**Ljóðmenntun**“, þar sem hann beinlínis stefnir að fræðslu almennings við lestur góðra bóka, og hefir það hingad til líka verið notadrygsta menningartæki íslenskrar alþýðu, sem hefir komið henni það á veg, að hún þarf hvergi að fyrirverða sig — og mundi hún enn geta haldið því lofi á ókomnum tímum, ef hún nú eins og áður hefði vilja til að notfæra sér það sem í boði er.

Þá mætti nefna skáldrit sem út hafa komið, en eg sleppi því hér að undanskildu einu, en það er **Kvæðasafn Davíðs Stefánssonar**, í tveim bindum, sem út kom síðast. sumar. Var það mjög að maklegleikum, er vinsælasta ljóðskáld þjóðarinnar og einmitt bókaútgáfa Þorsteins sameinuðust í að gefa menningu lands vors þá hátíðargjöf á þessu merkisári. — Ljóðum Davíðs ætla eg þó ekki að lýsa hér. — Eg hefi reynt að gera það annarsstaðar og á annan hátt en hægt er í þessu sambandi. — Aðeins skal því bætt við, að sigildara verk en þessi tvö bindi gat bókaútgáfan traúðla fengið.

Þá er önnur hlið — eða réttara þriðja hlið — bókaútgáfu Þorsteins, sú er veit að **þjóðlegum fræðum** (Folklore), og get eg naumast skilið svo við þetta mál, að eg geti ekki þeirrar hliðar lítillaga.

Þjóðkunnugt er þegar orðið þjóðsagnasafn þeirra dr. Sig. Nordal og Þórbergs Þórðarsonar **»Gráskinna«**. Er það bók sem náð hefir miklum og maklegum vinsældum og orðið víðlesid. Minna kunnugt mun vera annað safn, **»Gríma«**, sem Þorsteinn einnig gefur út nú. Kemur það í heftum og er bæði stórt og fjölbreytt. Er þetta í raun og veru safn **Odds Björnssonar** prentsmíðjustjóra á Akureyri. En Oddur er, sem kunnugt er, áhugamaður hinn mesti um öll þjóðleg fræði — og reyndar margt fleira, sem hér ekki skiptir máli. Hefir hann safnað þjóðsögum um meira en hálfan þriðja tug ára, og gaf fyrir nokkrum árum út eitt bindi af því safni; bjó síra Jónas Jónasson skáld það undir prentun. — **»Gríma«** er því áframhald þessa safns, en sonur síra Jónasar, Jónas Rafnar læknir býr hana undir prentun.

Ýmislegt fleira væri auðvitað hægt að nefna af ymsu tagi, en hér skal staðar numið að sinni.

Eg get búzt við, að sumum muni finnast, að eg sé ef til vill ekki rétti maðurinn til að rita um bókaútgáfu Þorsteins M. Jónssonar, þar sem það er á allra vitorði, að bækur mínar eru meðal þeirra bóka, sem hann hefir gefið út. — Um það atriði má hver og einn hugsa eins og honum best líkar. — Eg hefi aðeins viljað benda lesendum blaðsins á, hvílíkt verðmæti þjóðin á í bókaútgáfufyrir-

# PHILIPS

## nýungar

### PHILIPS 2528

**Verð kr 85,00**

PHILIPS 2528 er tveggja lampa tæki, gert til notkunar með rafvökum. Er það gert fyrir þá sem ekkert rafmagn hafa. 2528 er sérstaklega gert fyrir innlendu stöðina og notar lampana A — 415 og B-443-A. — Afkast þess er svipað og „CASAPHONE“-straumtækisins.




PHILIPS 2549 er 4-lampa tæki til notkunar við 220 volta rakstraum. Að útliti til er það eins og hið þjóðkunna tæki 2511, og afkast einnig það sama. 2511 og 2549 eru að áliti sérfræðinga fullkomnu tæki sem nú eru á markaðinum.

**Philips 2549 — Verð 530.00.**

Til þess að tryggja sem best afkast frá Philips tækjum er nauðsynlegt að nota með þeim aðeins PHILIPS gella, sem sérstaklega eru gerðir til þess. Á öllum PHILIPS tækjum og gellum er eins árs ábyrgð gegn verksmiðju- og efnisgöllum. — Gegningarstöðin í Reykjavík annast viðgerðir.

## Dima-Lite ljóshalda




**Kr. 175.00.**

### Færimótor.

Þessi mótor er afar þægilegt áhald, sem hægt er að fá hvort sem er fyrir jafnstraum eða ríðstraum. Hann er svo útbúinn, að hægt er að setja hann við hvaða vél sem er, og hann orkar að snúa, t. d. skilvindu, strokk, hverfisteini, taðkvörn, lítinn rennibekk og margt fleira. Eins og sést af myndinni, þá er hægt að fá margskonar snúningshraða.

sem hægt er að setja í hvaða lampa sem er án þess að breyta nokkru öðru en að taka úr peruna og skrúfa hana svo aftur í þetta stykki og þá hægt að draga upp og niður í lampanum.

**Verð kr. 4,50**

## Westinghouse ljóssastöðvar altaf fyrirleggjandi.

Ef yður vantar eitthvað til rafmagns, þá skrifid hringid, símið eða talið við

### EIRÍK HJARTARSON, REYKJAVÍK

SÍMI 1690 — PÓSTHÓLF 565.

tæki Þorsteins og sömuleiðis hversu mikið hún í raun og veru á slíkum mönnum sem honum og hans líkum að þakka.

Rvík 19/12 1930

Friðrik Ásmundsson Brekkan.

Íslensk-sænska félagið „Svíþjóð“ hélt skemmtifund á Hótel Borg þann 12. þ. m. Formaður félagsins Ásg. Ásgeirsson fræðslumálastjóri bauð gestina velkomna og talaði um menningarsambandið milli okkar Íslendinga og Svía. Sagði hann að engir ungir Íslendingar væru jafn ánægðir yfir utanferðum sínum og

þeir, sem dvalið hefðu í Svíþjóð, og benti það á, að Svíþjóð, og sænsk menning, myndi sérstaklega vera við vort hæfi og þá um leið til mesta gagns og gleði fyrir þá, sem nyttu hennar. Generalkonsúll Holmgren talaði þá. Lét hann ánægju sína í ljósi yfir því hve marga og góða vini Svíþjóð ætti hér, óskaði hann að þau sambönd, sem nú eru milli Íslendinga og Svía mættu mikið efast um andlegu og fjárhagslegu sviði, og vonaði að hið nýstofnaða aðalkonsúlat í Reykjavík gæti unnið að eflingu þessa sambands. Dr. Gunnl. Claessen, próf. Sig. Nordal, dr. Guðm. Finnbogas og Helgi Hjörvar héldu hver um sig stutta og snjalla ræðu. Til skemmtunar var

auk ræðanna, að tveir stúdentar sungu Glunta við góðan orðstír. Loks var dans. Skemmtu menn sér hið beztu og kom öllum saman um að mikill sænskur blær hefði verið á samkomunni. — Þeir vinir Svíþjóðar eða sænskrar menningar er óska að ganga í félagið geta gefið sig fram við ritara félagsins, Guðlaug Rosenkransson Fjölmissvegi 11, sími 1237, Reykjavík.

Þetta aukablað, jólablaðið, er átta blaðsíður.

Ritstjóri: Gísli Guðmundsson, Ásvallagötu 27. Sími 1245.

Prentsmíðjan Acta.